

# IOBS – Samræmdar vefþjónustur

Almennar leiðbeiningar

Í þessu skjali eru helstu upplýsingar um IOBS fyrir þróunaraðila hugbúnaðar sem vilja nýta sér samræmdar vefþjónustur.

Í lok mars 2021 færast viðskiptavinir sparisjóðanna yfir í nýtt sambankaskema / IOBS fyrir tengingar frá bókhaldskerfum og öðrum kerfum sem nota sambankþjónustur til tengingar við sparisjóðina.

Ástæðan fyrir þessu er að Reiknistofa bankanna hættir á sama tíma að þjónusta sparisjóðina með þessa þjónustu.

Sambankþjónustur eru þær sömu og eru eins settar upp og fyrri vefþjónustur, en **viðskiptavinir sem hafa nýtt sér þessa þjónustu þurfa að skipta um slóðir til að tengjast nýrri sambankþjónustu.**

Einnig þarf að **fá nýtt lykilorð hjá viðkomandi sparisjóði** til að tengjast í gegn um nýja leið.

ATH, það er núna sér slóð fyrir hvern sparisjóð, sjá í tengiupplýsingum.

## Innihald

Almennt .....	2
Tengiupplýsingar .....	2
Útfærðar vefþjónustur .....	3
Reikningsyfirlit / Statements .....	3
Greiðslur .....	3
Innheimta .....	3
Birtingakerfi – Rafræn skjöl .....	4
Milliinnheimta .....	4
Villuprófa bankareikning og kennitölu .....	5
Viðbótarþjónusta vegna greiðslna .....	5
Viðbótarþjónusta vegna erlendra viðskipta .....	5
Auðkenni .....	5

## Almennt

IOBS er samstarfsverkefni allra helstu fjármálastofnana hérlendis um staðlað viðmót á vefþjónustum, þ.e. að staðla og einfalda flutning gagna á milli bankakerfa og annarra hugbúnaðarlausna, svo sem bókhalds-, viðskipta- og sölukerfa. Þannig þurfa fyrirtæki, sem hafa áhuga á að senda gögn til fjármálastofnana, ekki að þróa á mótum mismunandi viðmóti hjá bönkunum til að framkvæma sömu aðgerðir. Þessi staðall nær eingöngu yfir viðmótið (þ.e. hvaða upplýsingar þarf að senda inn og hvaða upplýsingar fást til baka). Með staðlinum er hægt að gera eftirfarandi:

- Fá færslufirlit
- Fá gengi gjaldmiðla
- Framkvæma greiðslur
- Fá niðurstöður framkvæmdar greiðslu/greiðslna
- Stofna kröfur
- Breyta kröfum
- Afturkalla kröfur
- Fá upplýsingar um stöðu á vinnslu
- Fá upplýsingar um kröfur
- Fá upplýsingar um greiðslur inn á kröfu

## Tengiupplýsingar

Sambankþjónustur sparisjóðanna er að finna á eftirfarandi vefslóðum.

1106 Austurland – <https://sparaust-iobs.heimabanki.is/>

1110 S-Þingeyinga - <https://spthin-iobs.heimabanki.is/>

1161 Strandamanna - <https://spstr-iobs.heimabanki.is/>

1187 Höfðhverfinga – <https://spsh-iobs.heimabanki.is/>

Við þessa slóð bætist útfærð vefþjónusta, sjá í útfærðar vefþjónustur.

Til dæmis:

<https://sparaust-iobs.heimabanki.is/IcelandicOnlineBankingStatementsService.aspx>

<https://spthin-iobs.heimabanki.is/IcelandicOnlineBankingStatementsService.aspx>

<https://spstr-iobs.heimabanki.is/IcelandicOnlineBankingStatementsService.aspx>

<https://spsh-iobs.heimabanki.is/IcelandicOnlineBankingStatementsService.aspx>

## Útfærðar vefþjónustur

### Reikningsyfirlit / Statements

~/IcelandicOnlineBankingStatementsService

- **GetAccountStatement**  
Sækir færsluyfirlit fyrir ákveðinn reikning útfrá reikningsnúmeri, frá dagsetningu og til dagsetningu. Einnig er hægt að setja inn númerin á þeim röðum sem yfirlitið á að byrja og enda á svo hægt sé að fá eingöngu ákveðnar raðir ef yfirlitið skilar mjög miklum fjölda raða.
- **GetCurrencyRates**  
Sækir gengi gjaldmiðla fyrir ákveðna dagsetningu og tegund (almennt, seðla- eða tollagengi).

### Greiðslur

~/IcelandicOnlineBankingPaymentsService

- **DoPayment**  
Framkvæmir eina millifærslu. Gefa þarf upp upplýsingar um bankareikning sem að taka skal út af og bankareikning sem leggja skal inn á.
- **DoPayments**  
Býr til greiðslubunka. Gefa þarf upp upplýsingar um bankareikning sem að taka skal út af og einn eða fleiri bankareikninga sem leggja skal inn á. Hægt er að stjórna því hvort að hætta eigi við allar millifærslur ef að ein millifærsla mistekst. Einnig er hægt að stjórna því hvort að taka skuli út eina heildar útekt fyrir öllum millifærslunum eða taka út fyrir hverri millifærslu fyrir sig. Einnig er hægt að gefa upp bunka heiti (batch name) og dagsetningu ef að millifærslan á ekki að eiga sér stað samdægurs. Þessi aðgerð skilar einkvæmu númeri (OperationID).
- **GetPaymentResult**  
Sækir niðurstöður fyrir ákveðna millifærslu eftir aðgerðanúmeri (OperationID).
- **GetPaymentsResult**  
Sækir niðurstöður þegar fleiri en ein millifærsla hefur verið gerð í einu eftir aðgerðanúmeri (OperationID) og síu. Með því að nota síuna er mögulegt að fá stöðuna á millifærslunum, fá allar millifærslur sem ekki tókst að framkvæma, fá allar millifærslur sem tókst að framkvæma og svo að fá allar millifærslurnar.

### Innheimta

Þjónustur fyrir innheimtukröfur

~/IcelandicOnlineBankingClaimsService

- **AlterClaim**  
Breytir einni kröfu.
- **AlterClaims**  
Breytir lista af kröfum.
- **CancelClaim**  
Fellir niður eina kröfu.
- **CancelClaims**  
Fellir niður lista af kröfum.
- **CreateClaim**  
Stofnar kröfu.

- CreateClaims  
Stofnar lista af kröfum.
- GetClaimOperationResult  
Sækir upplýsingar um stöðu vinnslu út frá aðgerðarnúmeri (OperationId).
- QueryClaim  
Sækir upplýsingar um kröfu út frá ClaimId.
- QueryClaims  
Sækir upplýsingar um kröfur út frá dagsetningarbili og öðrum innsendum parametrum.
- QueryPayments  
Sækir upplýsingar um greiðslur á kröfum út frá dagsetningarbili og öðrum innsendum parametrum.

## Birtingakerfi – Rafræn skjöl

Þjónusta tengd rafrænum skjölum:

~/UploadEDocumentService

- Upload  
Senda rafræn skjöl til RB á XML formi eða sem textaskrá.  
Útbúa þarf stylesheet sem sent er í byrjun til RB og einnig þarf að útbúa reglubundu skráarsendingarnar með upplýsingum um notandanafn eða annað.  
Gott væri að hafa nafnið á skránni (filename) á eftirfarandi hátt :
  - 9999999999\_XX\_ddmmyyyy.xml
  - 9999999999 = kennitala viðskiptavinar
  - XX = tveggja stafa RB-kóði eða tómt. Ef þetta svæði er skilið eftir tómt þá er sjálfgefna gildið B
  - ddmmyyyy = dagsetning
  - .xml = endingin á skjalinu, getur verið xml eða eitthvað annað. Sjálfgefið gildi ef þetta er tómt er .est

Athugið að edoctxt gildið þarf að vera base64 enkóðaður strengur.

## Millinnheimta

Þjónusta fyrir milliinnheimtuaðila

~/IcelandicOnlineBankingSecondaryCollectionClaimsService

- AlterClaim  
Breytir einni kröfu.
- AlterClaims  
Breytir lista af kröfum.
- CancelClaim  
Fellir niður eina kröfu.
- CancelClaims  
Fellir niður lista af kröfum.
- CreateClaim  
Stofnar kröfu.
- CreateClaims  
Stofnar lista af kröfum.

- GetClaimOperationResult  
Sækir upplýsingar um stöðu vinnslu út frá aðgerðarnúmeri (OperationId).
- QueryClaim  
Sækir upplýsingar um kröfu út frá ClaimId.
- QueryClaims  
Sækir upplýsingar um kröfur út frá dagsetningarbili og öðrum innsendum parametrum.
- QueryPayments  
Sækir upplýsingar um greiðslur á kröfum út frá dagsetningarbili og öðrum innsendum parametrum.

## Villuprófa bankareikning og kennitölu

Þjónusta fyrir yfirlit bankareikninga

~/AccountsService

- AccountExists  
Athugar hvort innsendur reikningur er til eða ekki.

## Viðbótarþjónusta vegna greiðslna

~/PaymentsService

Þjónusta fyrir greiðslubunka

- FinishPayment  
Klárar að staðfesta greiðslubunka út frá id.

## Viðbótarþjónusta vegna erlendra viðskipta

~/FundsTransferService

Þjónustur þar sem hægt er að framkvæma erlendar greiðslur.

- GetForeignTransfer  
Sækir erlenda greiðslu út frá auðkenni færslunnar.
- RegisterForeignTransfer  
Skráir erlenda greiðslu eftir þeim upplýsingum sem sendar eru inn í þjónustuna.

## Auðkenni

Ef notandi er nú þegar að tala við sambankaskemaþjónustur og er með Búnaðarskilríki, þá gildir það áfram fyrir nýju þjónusturnar.

Ef um nýja tengingu er að ræða, þá þarf að sækja um „Class 3“ starfsskilríki eða Búnaðarskilríki hjá Auðkenni hf, og setja upp á þeirri vél sem mun tala við sambankapjónusturnar.

Kennitala skilríkis og „Certificate Identifier“ þess notanda sem tengir sig við þjónusturnar verður að vera sú sama.

Starfsmenn sparisjóðanna sjá um að viðhalda notendaupplýsingum sem þarf til að tengjast þjónustunni en það þarf að athuga að eftirfarandi sé rétt miðað við það sem er sent inn í þjónustuna.

- Notandanafn
- Lykilorð (ATH, við flutning í nýtt sambankaskema þarf að fá nýtt lykilorð hjá Sparisjóðnum)
- Kennitala búnaðarskilríkis, „Certificate Identifier“